

Nd. 307. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um undirbúning og aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar gera könnun á því, hvað fyrirhugað er að senda mörg fiskiskip til veiða við Grænland á komandi vori og sumri. Jafnframt fari fram athugun á því, hvað nauðsynlegt er að gera til þess að greiða fjárhagslega fyrir þessari útgerð, veita henni aðstoð með lækniþjónustu, viðgerðarþjónustu, birgðaflutninga og upplýsingar um veður og hreyfingu hafíss.

Greinargerð.

Á síðastliðnu vori, þegar meginþorri okkar stærri fiskiskipa bjóst til síldveiða, voru nokkrir framtakssamir útgerðarmenn og skipstjórar, sem vildu ekki kaupa sér von í ótryggum síldveiðum, en héldu skipum sínum í þess stað til bolfiskveiða á Grænlandsmið.

Sumarið 1967 stunduðu tvö eða þrjú íslensk fiskiskip veiðar á þessum slóðum, og styrkti Fiskimálasjóður eitt þeirra til veiða í ís, og aftur styrkti sjóður þessi eitt skip til veiða í salt á sl. sumri, en þá urðu skip, sem þarna stunduðu veiðar, flest 15—20 talsins. Úthald þessara skipa hefði orðið lengra en raun bar vitni um, ef óvenjumikill hafís á miðunum hefði ekki hamlað veiðum. Virtust ískort fyrri ára jafnvel benda til þess, að ís hafi verið meiri s. l. sumar á miðum bátanna við Austur-Grænland en þekkt hefur um áratugaskeið.

Þrátt fyrir þessa staðreynd og ýmsa byrjunarörðugleika hefur þeim, sem að þessum veiðum stóðu, hlotnast ómetanleg reynsla, sem flm. þessarar till. telja nauðsynlegt að aðrir, sem hyggjast stunda veiðar á þessum slóðum, geti notfært sér. Verður að telja sjálfsagt, að opinberir aðilar safni upplýsingum þessum saman og reyni jafnframt að gera tillögur til úrbóta á vandamálum. sem upp hafa komið í sambandi við veiðar á þessum fjarlægum miðum og einstakir útgerðarmenn ráða ekki við.

Ekki þarf að draga í efa þjóðhagslegt gildi þess, að fleiri stöðum verði rennt undir atvinnulíf okkar. Á því er enginn vafi, og hefur reynsla síðasta sumars sannað, að nokkurt magn af t. d. ísuðum bolfiski, sem bærast til vinnslustöðva hér á landi á tímabilinu frá því að vetrarvertíð lýkur og fram á haustmánuði, yrði stórkostleg lyftistöng fyrir allt atvinnulíf á þeim stöðum, þar sem aflanum yrði landað. Er jafnvel hugsanlegt, ef góður afli verður á Grænlandsmiðum, að fiskiskipin ísuðu afla sinn í kassa og skip, sem flytli beitu, vistir, olíu og ís á miðin, tæki kassana og flytli þá til vinnslustöðva hér á landi. Má þó segja, að vegalengdir á mið þessi séu ekki meiri en svo, að fiskiskipin sjálf gætu annað flutningum þessum, en að sjálf-sögðu ber að láta hagkvæmnina eina ráða.

Þegar hafðar eru í huga þær miklu breytingar, sem orðið hafa á göngu síldarinnar, og eindæma léleg afkoma þeirra, sem eiga undir þeirri útgerð, eins og á s. l. sumri, hlýtur að teljast mikilvægt að auka fjölbreytni íslenskra fiskveiða á þessum árstíma.

Til þess að útgerð þessi geti hafizt í stórum stíl, telja flm., að kanna þurfi, hvort hún þurfi á sérstakri fjárhagsfyrirgreiðslu að halda umfram venjuleg útgerðarlán. Einnig þarf að kanna, hvort skip, sem stunda bolfiskveiðar á fjarlægum miðum, þurfi ekki að búa við aðrar og kostameiri úthlutunarreglur úr aflatryggingasjóði en landróðrabátar vegna meiri útgerðarkostnaðar.

Eitt grundvallaratriði þess, að hægt sé að stunda veiðar á þessum slóðum, er, að góðar upplýsingar liggi fyrir um veðurútlit og hreyfingu íssins. Íslenskar veður-fregnir heyrðust þar vel, en rétt virðist að kanna, hvernig Veðurstofan getur hjálpað

til við að auka öryggi sjófarenda á miðum þessum, og að sjálfsögðu verður Landhelgisgæzlan að leggja hönd á plóginn, sem víða annars staðar, bæði með auknu ískönnunarflugi, aðstoð við skjóta læknishjálp í neyðartilfellum, viðgerðarþjónustu og fleira.

Er mikil hjálpað því, að við Austur-Grænland geta fiskiskipin staðsett sig mjög nákvæmlega vegna radióstaðsetningarkerfis þess, er þar má nota.

Allar fiskveiðiþjóðir, sem senda skip sín á fjarlæg mið, veita þeim margháttða þjónustu og fyrirgreiðslu. Verður að teljast eðlilegt, að fiskveiðiþjóð sem Íslendingar standi þar ekki að baki og þessum veiðum verði ekki síður gaumur gefinn í því efni en síldveiðunum á síðasta sumri.